

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðis 2001-2024, þétting íbúðarbyggðar á miðborgarsvæði Reykjavíkur.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. desember 2006 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðis 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Á byggðasvæði 2-4, Nesið norðan Miklubrautar og vestan Kringlumýrarbrautar, fjölgar íbúðum um 700 og verða eftir breytingu 12.700.
- Á byggðasvæði 6, Kringlan, Bústaðahverfi, Fossvogshverfi, fjölgar íbúðum um 300 og verða eftir breytingu 4.700.
- Á byggðasvæði 7-9, Nesið norðan Miklubrautar og austan Kringlumýrarbrautar, fjölgar íbúðum um 300 og verða eftir breytingu 7.300.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 15. desember 2006.

Jónína Bjartmarz.

Ingibjörg Halldórsdóttir.